

**Nd.**

**398. Frumvarp**

til laga um kosning þingmanns fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Flm.: Héðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson, Sigurjón Á. Ólafsson.

**1. gr.**

Siglufjarðarkaupstaður skal vera sérstakt kjördæmi og kjósa 1 þingmann. Tala þingmanna í neðri deild breytist samkvæmt því.

2. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda við næstu kjördæmakosningar til Alþingis.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir óskum Siglfirðinga. Í kaupstaðnum eru nú rúmlega 2000 íbúar.